

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA). BFSÍ fer eftir reglum og lögum WA og reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Íþróttafólk ársins

Kosning um íþróttafólk ársins fer fram á vefsíðu sambandsins.

Þeir íþróttamenn sem ná að lágmarki 3 af eftirfarandi 5 afrekum eru tilnefndir í kosninguna.

- Hefur keppt um eða unnið verðlaun á alþjóðlegum mótum. (semsagt keppti í brons eða gull keppni eða vann medalíu).
- Hefur unnið að lágmarki 2 útslætti á alþjóðlegum stórmótum í einstaklingskeppni (bye og cut teljast sem unnin útsláttur).
- Hæsta skor ársins í undankeppni á vegalengdum opins flokkis utandyra.
- Hefur unnið Íslandsmeistaratitil í opnum flokki á tímabilinu.
- Er meðal 3 hæstu á heimslista fyrir Ísland. (Gildir ekki um liða ranking, mixed team ranking, world cup ranking, world series ranking, para ranking, field ranking, european ranking eða aðra lista og/eða ranking en world ranking heimssambandsins.)

Formaður getur bætt við einstaklingi í opnu kosninguna sem hefur ekki náð 3 af atriðunum hér fyrir ofan ef sá einstaklingur hefur skarað framúr mikið fram úr á annan veg. Formaður skal færa rök fyrir slíkum uppfærslum í tilnefningu.

Ef fjöldi þeirra sem eru tilnefndir í kosninguna eftir kerfinu eru fleiri en 4 er formanni heimilt að taka út þá sem náðu fæstum punktum til að fækka þeim tilnefndu.

Ef einhver tilnefndur keppandi keppir í úrslitum á HM, EM, Ólympíuleikum eða Evrópuleikum getur stjórn BFSÍ fallið frá kosningu í því kyni og tilnefnt þann einstakling beint. Ef margir vinna verðlaun á fyrrnefndum mótum getur stjórn BFSÍ ákveðið að kosningin verði aðeins á milli þeirra einstaklinga.

Tímabilið á afrekum er frá 1. nóvember til 31. október hvert ár.

Viðmið fyrir framkvæmd kosningar.

1. Formaður eða fulltrúi formanns sér um netkosninguna. Sá einstaklingur má ekki vera tilnefndur eða skyldur þeim tilnefndu.
2. Nöfn í kosningunni skulu birtast í handahófsröð.
3. Kvittun fyrir atkvæði skal senda á e-mail þess sem kýs.
4. Einungis umsjónarmanneskja kosningar má sjá stöðu dreifingu atkvæða á meðan á kosningu stendur.
5. Umsjónarmanneskja kosningar skal tryggja leynd atkvæða þeirra sem kjósa og að enginn tvöföld atkvæði séu til staðar.
6. Aðeins þeir sem eru skráðir í bogfimisfélög/deildir innan BFSÍ mega greiða atkvæði.
7. Kosningin skal vera opin í að lágmarki 3 daga.
8. 50 atkvæði þurfa að berast að lágmarki til að kosning teljist gild. Ef færri en 50 atkvæði eru greidd skal stjórn BFSÍ ráða loka vali
9. Ef um jafntefli er að ræða skal stjórn BFSÍ kjósa sigurvegarann og gera það með einu atkvæði frá BFSÍ í kosninguna.
10. Skila þarf loka vali til ÍSÍ fyrir 10. desember ásamt skrifaðri lýsingu um íþróttafólkið.

Upplýsingar um tilnefndu í kosningu.

1. Nafn
2. Íþróttafélag
3. Mynd
4. Fjöldi medalía sem keppandinn keppti um á árinu alþjóðlega og styrkleiki móta
5. Fjöldi útsláttar sem keppandinn vann á árinu alþjóðlega og styrkleiki móta
6. Fjöldi Íslandsmeistararitla í opnum flokki
7. Hæsta skor ársins utandyra
8. Sæti á heimslista og fjöldi á heimslista (ef við á).
9. Einnig skal vera aðgengilegur listi af úrslitum þess tilnefnda af öllum alþjóðlegum mótum ársins í öllum aldursflokkum og helstu innlendum mótum í opnum flokki.

Upplýsingar um úrslit móta ársins hjá þeim tilnefnda.

1. Nafn mótsins.
2. Skor úr undankeppni.
3. Sæti eftir útsláttarkeppni.
4. Ranking úr undankeppni.
5. Fjöldi keppenda á mótinu.

Gott er að senda listann með öllum upplýsingum á þá sem eru tilnefndir til staðfestingar á upplýsingum áður en kosning hefst. Ekki er æskilegt að skrifa lýsingu um keppendurna í net kosninguni þar sem sú lýsing getur verið hlutlæg og haft áhrif á kjósendur. Markmiðið er að kjósendur dæmi eftir árangri og afrekum einstaklingana.

Eyða skal persónu upplýsingum sem safnað er vegna atkvæða í atkvæðagreiðslu innan árs frá því að kosningu lauk.

Ef íþróttamaður hefur verið dæmdur í bann á tímabilinu fyrir að hafa brotið siðareglur BFSÍ eða gerst uppvis af lyfjamisnotkun hefur íþróttamaðurinn fyrirgert sér réttinn til þess að vera tilnefndur. Íþróttafólk ársins eru líka fyrirmyndir fyrir annað íþróttafólk og ungmenni.

Aðeins keppendur sem geta keppt fyrir landslið Íslands geta verið tilnefndir.

Skilgreiningin á „alþjóðlegum mótum“ er hægt að finna í WA reglubók 1. En meðal þeirra eru world rankingmót eða mót á vegum Heimssambandsins, álfusambanda, Ólympíunefndar, álfuólympíunefnda eða heimsleikar. Eða mót í nánu samstarfi við þessar stofnanir eins og t.d International Master Games Association.

Undir gífurlega einstökum aðstæðum getur umsjónarmaður kosningar lýst kosninguna ógilda, t.d vegna þess að öll gögn tapast vegna villu í kerfi, ef að villa var í upprunalegri kosningu sem orsakar að atkvæði bárust ekki eða ef að brotist hefur verið inn í kerfi sem sér um kosningu og atkvæðum breytt. Ef slíkt kemur upp á skal umsjónarmaður hafa samstundis samband við formann BFSÍ, formaður lætur stjórn BFSÍ vita, kosningin er ógild ef að meiri hluti stjórnar áltur hana ógilda út frá forsendum umsjónarmanns. Ef slíkt kemur upp á skal bæta það sem fór úrskeiðis í fyrri kosningu og endurgera kosninguna með öðrum umsjónarmanni ef nægur tími er til að halda aðra kosningu fyrir loka skil til ÍSÍ. Ef ekki er nægur tími til að halda aðra kosningu fellur ákvörðun um íþróttafólk ársins á stjórn BFSÍ. (Þetta ákvæði skal aðeins notað í ítrústu neyð).